

**607. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn
26. apríl 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir formaður, Guðmundur Ólafsson varaformaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Steinunn Guðný Einarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þóra Marý Arnórsdóttir.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Guðmundur Rafn Kristjánsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Umræður fóru fram um stöðu við vinnu á endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2020-2032.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur sviðsstjóra að vinna málið áfram og leggja fram á næsta fundi nefndar.

2. Ofanflóðavarnir við Flateyri - breytingar mannvirkja eftir snjóflóð 2020 - 2022070037

Lögð fram vinnslutillaga, dags. 25. apríl 2023, unnin af Verkís ehf. fyrir Ísafjarðarbæ, vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna ofanflóðavarna á Flateyri.

Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar að vinnslutillaga vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna ofanflóðavarna á Flateyri verði kynnt á opnum fundi og jafnframt send umsagnaraðilum til umsagnar.

3. Skeiði 2, 4 og 6. Umsókn um lóðir - 2023030066

Lögð fram umsókn frá Unnari Hermannssyni f.h. Erasmus ehf. um lóðirnar Skeiði 2, Skeiði 4 og Skeiði 6, á Ísafirði, dags. 7. mars 2023. Jafnframt lagt fram gildandi deiliskipulag við Tunguskeið.

Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar erindinu með vísan í kafla 1.5 í reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði.

„Þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.“

Nefndin óskar eftir frekari gögnum með umsókninni.

4. Suðurtangi, geymslusvæði - 2023040095

Lagður fram tölvupóstur dags. 21. apríl 2023 frá Vali Richter f.h. Röráss ehf. og Tanga ehf. þar sem er farið fram á Ísafjarðarbær útdeili bráðabirgðasvæði á Suðurtanga undir lager og búnað sem fylgir starfsemi fyrirtækjanna.

Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar erindinu þar sem vinna við endurskoðun deiliskipulags á Suðurtanga er í gangi. Skipulags- og mannvirkjanefnd felur starfsmanni tæknideildar að finna heppilega staðsetningu fyrir geymslusvæði til útleigu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:44

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Guðmundur Ólafsson

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir

Guðmundur Rafn Kristjánsson